

Fundargerð 113. fundar stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál
Fundur haldinn í Innviðaráðuneytinu, 4. maí 2026, kl. 14:00

Dagskrá:

1. Áhersluverkefni landshluta.
2. Stefna um opinbera þjónustu. Íris Huld Christersdóttir frá FJR kynsir.
3. Endurskoðun byggðaáætlunar – drög að hvítbók/aðgerðaáætlun.
4. Önnur mál.

Mætt: Hólmfríður Sveinsdóttir, formaður (IRN), Áshildur Linnet (FRN), Baldur Þ. Guðmundsson (MNH), Guðjón Björn Guðbjartsson (FOR), Guðný Hrafnkelsdóttir (ATRN), Magnús Örn Agnesar Sigurðsson (URN), Óli Halldórsson (MNH), Páll Brynjarsson (SSV), Reinhard Reynisson (Byggðastofnun) og Heba Guðmundsdóttir, verkefnastjóri (Byggðastofnun), sem ritaði fundargerðina. Gestur fundarins var Íris Huld Christersdóttir frá fjármálaráðuneytinu. Guðjón Björn og Reinhard sátu fundinn í gegnum fjarfundarbúnað.

Fjarverandi: Anna Borgþórsdóttir Olsen (FJR), Dagný Arnarsdóttir (URN), í hennar stað mætti Magnús Örn, Krístrún Friðriksdóttir (DMR), Margrét Erlendsdóttir (HRN), Sigríður Eysteinsdóttir (UTN), Valgerður Rún Benediktsdóttir (sambandinu) og Þór Hauksson Reykdal (MRN).

Formaður setti fundinn og hóf boðaða dagskrá.

Umfjöllun og afgreiðsla:

1. Áhersluverkefni landshluta

Eitt af verkefnum stýrihópsins samkvæmt erindisbréfi er að staðfesta áhersluverkefni landshluta. Fyrir fundinn lágu til staðfestingar sex áhersluverkefni frá SASS: Menningarstefna Suðurlands, Tækifæri Suðurlands – atvinna og nýsköpun, Sjálfstæði sveitarfélaga í úrgangsmálum: Greining og leiðir til uppbyggingar, Njála – ráðstefna og miðlun menningararfs, Sunnlenski sveitarstjórnarskólinn og Fab-Lab Suðurland: Efling nýsköpunar og stafrænnar hæfni ungmenna. Sá háttur er hafður á að fulltrúar ráðuneyta skoði sérstaklega vel þau verkefni sem tilheyra ábyrgðarsviði þeirra og eftir atvikum upplýsa sitt samstarfsfólk um þau. Verkefnin voru öll staðfest af hálfu stýrihópsins, sum með fyrirvara og ábendingum.

2. Stefna um opinbera þjónustu

Íris Huld Christersdóttir frá FJR kynnti stefnu um opinbera þjónustu sem nú er sett í fyrsta skiptið á Íslandi. Stefnan byggir á þörfinni á að tryggja góða og hagkvæma þjónustu á Íslandi út frá þörfum notenda. Ný

stefna sækir styrk sinn í þá miklu framför sem orðið hefur undanfarin ár á opinberri þjónustu, ekki síst á grunni stafrænna lausna. Stefnan byggir á víðtæku samráði við almenning, umsögnum hagsmunasamtaka og opinberra aðila. Stefnan tekur til þjónustu ríkis og sveitarfélaga til að tryggja samþættingu þjónustu. Fjármála- og efnahagsráðuneytið hefur leitt stefnumótunarvinnuna í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga og önnur ráðuneyti.

3. Endurskoðun byggðaáætlunar

Formaður fór yfir stöðu við endurskoðun byggðaáætlunar. Formaður og Reinhard áttu fundi með öllum landshlutasamtökum í aprílmánuði þar sem farið var yfir helstu áherslur í drögunum og kallað eftir sjónarmiðum frá fundargestum. Sex fundir fóru fram á Teams og tveir fundir voru staðfundir, á Egilsstöðum og í Borgarnesi, en landshlutasamtökin réðu hvort yrði. Tuttugu og níu umsagnir og ábendingar bárust í gegnum gátt á vefsíðu Byggðastofnunar og er verið að vinna úr þeim með hlutaðeigandi ráðuneytum. Þá greindi formaður frá því að innivðaráðherra hafi fari með minnisblað fyrir ríkisstjórn um miðjan apríl sl. þar sem ráðherrar voru upplýst um vinnuna og þau hvött til að styðja við aðkomu sinna ráðuneyta að nýrri byggðaáætlun. Næstu skref eru að setja hvítbók í samráðsgátt, sem stefnt er á að verði í júní.

4. Önnur mál

Annað var ekki rætt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:20.